



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. ágúst 2025
USK25040420

Svar við fyrirspurn fulltrúa Viðreisnar um um hraðaakstur við Flúðasel samkvæmt skráningu í málaskrá

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 2. maí 2025 var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Viðreisnar, sbr. 27. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 30. apríl. 2025.

Fulltrúa Viðreisnar hefur borist töluverður fjöldi tilkynninga um hraðakstur við Flúðasel í 109 Reykjavík eftir að breytingar voru gerðar við götuna fyrir nokkru með þeim afleiðingum að hraði hefur aukist töluvert. Miklar umræður hafa verið í hverfahópum um hraðahindranir eða þrengingar. Liggja fyrir einhverjar áætlanir til að taka á þessari stöðu, fjöldi barna gengur um svæðið á leið í skóla og almenn umgengni töluverð

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu samgangna- og borgarhönnunar.

Svar við fyrirspurn:

Umhverfis- og skipulagssviði berast reglulega ábendingar um hraðakstur víða í borginni og í seinni tíð hefur skrifstofa samgangna og borgarhönnunar sett upp mælingarbúnað í vikutíma eða svo á þeim svæðum sem mælt er hverju sinni. Nýjustu mælingar úr Flúðaseli eru frá 2020, og virðast margt um svipaðar og mælingar frá árinu 2016. Niðurstöður mælinganna var að meðalhraðinn væri um 35 km/klst og 85%-hraðinn um 43 km/klst. Þetta eru því miður ekki óvenjulegar niðurstöður fyrir götur með hámarkshraða 30 km/klst í borginni. Fjarlægð milli hraðahindrana í götunni er á bilinu 112m – 150m. Gatan er á lista yfir svæði þar sem útbúa þarf hraðaminnkandi aðgerðir. Það þarf að forgangsraða fjármagninu sem veitt er í umferðaröryggisáðgerðir, og er það gert með þeirri aðferðarfræði sem lýst er í umferðaröryggisáætlun Reykjavíkur.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna



Reykjavík